

**Ed.**

**449. Frumvarp til laga**

[182. mál]

um smíði sildarleitarskips og um sildargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni heimilast að gera samninga um smíði á sildarleitarskipi allt að 500 brúttó-rúmllestum að stærð. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að taka lán til greiðslu andvirðis skipsins.

**2. gr.**

Greiða skal gjald af sild og sildarafurðum, sem flutt er til útlanda, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Nefnist gjald þetta sildargjald.

Til sildar og sildarafurða telst meðal annars síldarmjöl, síldarlýsi, saltsild, fryst sild og síldarsoðkjarni. Niðursoðnar eða niðurlagðar sildarafurðir eru þó undanþegar ákvæðum þessara laga.

Til sildar og sildarafurða samkvæmt lögum þessum telst afli, sem skip skrásett hér á landi veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi, svo og afli erlendra skipa, sem verkaður er hér á landi.

**3. gr.**

Sildargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 0.3% af fob-verði útflutts síldarmjöls og síldarlýsis, en 0.2% af fob-verði annarrar útfluttrar sildar og sildarafurða.

Ríkissjóður annast innheimtu gjalds þessa, og renna tekjur af því til greiðslu sildarleitarskips samkvæmt nánari ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

**4. gr.**

Um innheimtu, afgreiðslu og aðra framkvæmd við álagningu gjaldsins svo og viðurlög við brotum á lögum þessum og mál út af þeim gilda ákvæði 4.—10. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

**5. gr.**

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1966.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er, þá hófst skipulögð sildarleit á sjó hér við land sumarið 1954. Þrettán ára reynsla er því komin á starfsemi þessa og má fullyrða, að sjaldan hafi ráðstafanir hins opinbera í þágu atvinnuvegar orðið til meira gagns en rekstur sildarleitar hefur orðið íslenskum sildarútvegi. Þá hefur þróun sildveiðanna orðið á þann veg, að sildarleitar er nú þörf árið um kring á miklu stærri svæðum en áður þekktist. Samþykktir Alþingis t. d. á síðastliðnu þingi um stórauðna sildarleit bera því einnig glöggvitni, að þingmönnum er fyllilega ljóst mikilvægi öflugrar og vel skipulagðrar sildarleitar, enda hafa samtök sjómanna og útvegsmanna marggöft á undanförunum árum gert samþykkt í þessa átt. Núverandi forustuskip í sildarleitinni, v/s Ægir, er nú orðinn 37 ára gamall og getur ekki lengur sinnt því hlutverki, sem honum er ætlað við sildarleit eins vel og skyldi. Má jafnvel búast við að v/s Ægir geti ekki vegna aldurs verið við sildarleit úr þessu nema í skamman tíma.

Það var með þessar staðreyndir í huga að Jakob Jakobsson, fiskifræðingur, reit sjávarútvegsmálaráðuneytinu bréf hinn 8. september s. l. og fór fram á það við ráðuneytið, að það heimilaði smíði nýs leitar skips þegar á árinu 1966. Í framhaldi af því áttu sér stað bréfaskeypti og viðræður milli sjávarútvegsmálaráðuneytisins og Jakobs Jakobssonar, fiskifræðings, um smíði sildarleitar skips. Fól ráðuneytið Jakobi Jakobsyni að gera athugun um og leita tilboða um smíði á slíku skipi. Óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum um kostnað, þ. e. sundurliðað verðtilboð svo og afgreiðslufrest og að kannaðir verði möguleikar á að fá tillögur að fyrirkomulagsteikningum af slíku skipi.

Þá er að geta þess, að á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem haldinn var í Reykjavík dagana 25.—27. nóvember s. l., var samþykkt tillaga um smíði sildarleitar skips. Tillagan hljóðaði svo:

„Fundurinn bendir á, að starfsaðstaða Jakobs Jakobssonar, fiskifræðings, við stjórn sildarleitarinnar er á engan hátt viðunandi vegna vöntunar á hentugu skipi. Þar sem ekki liggur fyrir að hið opinbera hafi tryggt fé til kaupa á hentugu sildarleitar skipi, þá samþykkir fundurinn að fela stjórn samtakanna að vinna að því, að fjár verði aflað til kaupa á nýju skipi, sem afhent verði hinu opinbera til rekstrar. Skipið verði byggt eftir fyrirsögn Jakobs Jakobssonar. Fjárins verði aflað með því að tekið verði ¼% gjald af aflaverðmæti sildveiðiflotans, og kaupendur sildarinnar greiða jafnhátt framlag og útvegsmenn og sjómenn.

Fundurinn felur stjórn Landssambands íslenskra útvegsmanna að vinna að því að fá samstöðu hjá samtökum sjómanna og sildarkaupenda um þetta mál, og að því fengnu óski hún eftir því við ríkisstjórn og Alþingi, að lög verði sett um innheimtu á andvirði skipsins, en það gjald standi þó eigi lengur en þar til kaupverð skipsins er að fullu greitt.

Miðað við að sildarleitar skipið kosti kr. 30 millj., og aflabrögð verði ekki lakari en tvö síðastliðin sumur, myndi skipið verða greitt að fullu á 7—8 árum.

Með þessari samþykkt vill aðalfundur Landssambands íslenskra útvegsmanna sýna í verki viðurkenningu á frábæru starfi Jakobs Jakobssonar við sildarleitina.“

Með því að tillaga þessi, er samþykkt var á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna, gerir ráð fyrir, að bæði sjómenn og sildarkaupendur taki þátt í greiðslu sildarleitar skipsins, þá sendi stjórn Landssambandsins tillöguna til umsagnar hjá hinum ýmsu hagsmunasamtökum þeirra. Svar barst frá sex samtökum og mæltu fimm með efni tillögunnar en ein á móti.

Eftir að bréfaskeyptir höfðu farið fram milli Landssambands íslenskra útvegsmanna og sjávarútvegsmálaráðuneytisins um mál þetta, skipaði sjávarútvegsmálaráðherra hinn 25. marz s. l. fimm menn í nefnd er hafa skyldi það hlutverk að taka ákvarðanir um smíði og kaup á sildarleitar skipi og að semja uppkast að frumvarpi til laga um innheimtu ¼% gjalds af aflaverðmæti sildveiðiflotans ásamt jafnháu gjaldi frá kaupendum sildarinnar. Í nefndinni eiga sæti m. a. þrjú menn til-

nefndir af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, þar af einn tilnefndur af samtökum sjómanna og annar af sildar kaupendum. Í nefndinni á einnig sæti Jakob Jakobsson, fiskifræðingur, sem kjörinn hefur verið formaður nefndarinnar.

Eins og áður segir þá fól sjávarútvegsmálaráðuneytið Jakobi Jakobssyni í nóvember s. l. að rannsaka möguleika á smíði sildarleitarskips og fá verðtilboð og fyrirkomulagsteikningar af því. Jakob Jakobsson hefur síðan unnið að þessu máli og aflað upplýsinga. Nefnd sú, er sjávarútvegsmálaráðherra skipaði 25. marz s. l. og áður greinir frá, hefur nú tekið við öllum þeim upplýsingum, sem Jakob Jakobsson hafði aflað og heldur áfram starfinu. Nefndin hefur og samið lagafrumvarp það, sem hér er lagt fram.

Þess skal getið, að tilboð í fullkomið sildarleitarskip barst Jakobi Jakobssyni í haust. Tilboðsgjafi er Brook Marine Limited, skipasmíðastöð Lofestoft, Englandi. Miklar viðræður hafa farið fram milli fulltrúa skipasmíðastöðvarinnar og Jakobs Jakobssonar um tilboð stöðvarinnar. Nefndarmenn hafa einnig rætt við fulltrúana. Skipasmíðastöð þessi hefur þegar byggt sams konar skip fyrir Engendinga og gætu Íslendingar því hagnýtt sér reynslu þá er stöðin hefur aflað sér í smíði slíks skips. Skip það er stöðin smíðaði hafði verið boðið út í Englandi og hafði stöð þessi gert lægsta tilboð. Fara nú fram bréfaskriftir og viðræður milli nefndarinnar og skipasmíðastöðvar þessarar um smíði sildarleitarskips.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin geri samninga um smíði á sildarleitarskipinu, enda verður það eign ríkissjóðs. Þar með ábyrgist ríkissjóður allar greiðslur og skuldbindingar vegna skipsins en fær á móti, til að standa straum af þeim greiðslum og skuldbindingum, sildargjald það, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, þangað til stofnkostnaður skipsins ásamt tækjum og að meðtöldum vöxtum er að fullu greiddur. Ríkissjóður sér um innheimtu gjaldsins. Gjaldið verður ekki innheimt lengur en þarf til að standa straum af stofnkostnaðinum sem af 1. gr. frumvarpsins leiðir.

Gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að sildargjald af sild og sildarafurðum nemi 0.3% af fob-verði útflutts sildarmjöls og sildarlýsis, en 0.2% af fob-verði annarrar sildar og sildarafurða. Í tillögu þeirri, er samþykkt var á aðalfundi Landsambands íslenzkra útvegsmanna og áður er getið, er gert ráð fyrir því, að fjárins verði aflað með því að tekið verði  $\frac{1}{4}$ % gjald af aflaverðmæti sildveiðiflotans ásamt jafnháu gjaldi frá kaupendum sildarinnar. Samtals er því gjald þetta 0.5% af aflaverðmæti sildar upp úr sjó. Miðað við verðlag á síðasta ári yrði gjaldið ca. kr. 1.18 á mál, sem skiptist að hálfu milli sildarseljenda (sjómanna og útvegsmanna) og sildar kaupenda (sildarverkunarstöðva og verksmiðja). Sé 0.5% aflaverðmæti sildarinnar áður en hún er verkuð umreiknað í verðmæti hinnar útfluttu vöru, þá nemur það ca. 0.3% af fob-verði sildarmjöls og sildarlýsis en 0.2% af fob-verði annarrar sildar og sildarafurða.

Búast má við því, að skip eins og hér um ræðir muni kosta um 40 millj. króna með öllum nauðsynlegum tækjum. Miðað við verðmæti sildar og sildarafurða á síðastliðnu ári myndi gjald þetta gefa af sér um sex milljónir króna á ári. Þótt ekki hafi enn verið ákveðið, að hvaða verðtilboði skuli gengið eða hvar sildarleitarskipið skuli smíðað, þá ber nauðsyn til að leggja frumvarp þetta fram hér nú, til þess að innheimta gjaldsins geti hafizt sem fyrst.

Einstakar greinar frumvarpsins skýra sig að öðru leyti sjálfar.